

Alþingi  
Erindi nr. P 125/1683  
komudagur 19.4. 2000



VERSLUNARRÁÐ  
ÍSLANDS  
ICELAND CHAMBER  
OF COMMERCE  
Stofnað 1917

SAMTÖK  
VIÐSKIPTALÍFSINS

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
B/t Björns Þorvaldssonar, nefndarritara  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. apríl 2000.

**Efni: Frv. til l. um brt. á lögum um tekjuskatt og eignarskatt (547. mál).**

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir að fá tækifæri til að gefa umsögn um framangreint frumvarp. Verslunarráð setti si. vor á stofn sérstakan skattahóp til að vinna tillögur að skattabreytingum í þágu íslensks atvinnulífs. Sú nefnd skilaði af sér tillögum í því efni í október 1999 og voru þær birtar í sérstakri skýrslu sem bar yfirskriftina "Skattamál atvinnulífsins". Þar voru m.a. kynntar tillögur um skattlagningu kaupréttar, afnám eignarskatta, sérstakar skattareglur varðandi eignarhaldsfélög og breytingu einstaklingsrekstrar yfir í hlutafélag, afnám stimpilgjalda í áföngum og sérstakar reglur um skattalega meðferð íslenskra starfsmanna sem haldið er úti til starfa erlendis á vegum sinna fyrirtækja. Skýrslan, sem fylgir með umsögn þessari, var kynnt á morgunverðarfundum Verslunarráðs þann 13. október sl. jafnframt því sem hún var send fjármálaráðherra með ósk um að hann tæki tillögum upp í þær breytingar sem hann ætlaði að leggja til á skattalöggjöfinni á 125 lögjafarþingi.

Að mati Verslunarráðs er miður að í þeim tillögum sem fram koma í framangreindu frumvarpi hefur eingöngu verið komið til móts við tillögu Verslunarráðsins um skattlagningu kaupréttar, en ekkert er tekið á öðrum mikilvægum atriðum sem fyrr eru nefnd. Ljóst er að grundvöllur þess að hægt verði að viðhalda góðum hagvexti á Íslandi næstu árin er að starfsskilyrði atvinnulífsins hér á landi séu fyllilega samkeppnishæf við það sem gerist í okkar viðskiptalöndum. Að öðrum kosti mun íslenskt atvinnulíf í auknum mæli þurfa að horfa upp á innlend fyrirtæki flytja starfseminna til annarra landa sem bjóða upp á hagstæðara starfsumhverfi.

Hvað varðar þær einstöku tillögur sem frumvarpið felur í sér þá eru þær að meginsteftu til hagsbóta fyrir atvinnulífið. Verslunarráð fagnar þannig áætlunum um að auka skattalegt frelsi í tengslum við lífeyrissparnað, bæði hvað varðar frádráttarheimildir og heimild til að telja iðgjaldagreiðslur til rekstrarkostnaðar fyrirtækja. Þá er einnig fagnaðarefni að loks

Póstáritun:  
Verslunarráð Íslands  
Húsi verslunarinnar  
Kringlan 7  
103 Reykjavík

Sími: 510 7100  
Bréfsími: 568 6564  
Netfang: mottaka@chamber.is  
Website: www.chamber.is



skuli stefnt að því að erlendum hlutabréfum verði gert jafn hátt undir höfði og innlendum í skattalegu tilliti, en Verslunarráð hefur ítrekað bent á nauðsyn þess að ekki sé mismunað þar á milli.

Að öðru leyti skal hér gerð grein fyrir athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins:

## 2. gr. Kaupréttarsamningar

Kaupréttarsamningar gegna orðið mikilvægu hlutverki hjá fyrirtækjum víða í hinum þróaðri ríkjum sem tæki til að halda í lykilarfsmenn. Skattahópur Verslunarráðs tók mið af þeim reglum sem gilda í Bandaríkjunum og Bretlandi við mótun tillagna sinna í þessu efni, en þau lönd standa einna fremst í heiminum í öllu sem varðar hlutabréfamarkað og viðskipti með hlutabréf.

1. Í 8. gr. A er tillaga um að lögfest verði ákvæði um skattalega meðferð kaupréttarsamninga, þar sem gengið er út frá skattskyldu á mismuni viðmiðunarverðs á kaupdegi bréfa (þ.e. skráðu gengi eða bókfærðu verði skv. síðasta uppgjöri ef um óskráð félag er að ræða) og eiginlegu kaupverði.

Þessi tillaga er efnislega samhljóða tillögu skattahóps Verslunarráðsins, þ.e. að ofangreindur mismunur, ef einhver er, teljist til skattskyldra hlunninda á því ári sem kaupréttur er nýttur.

2. Í 8. gr. B er tillaga ráðherra um að lögfest verði til viðbótar sérregla um kaupréttarsamninga þar sem gengið er út frá því að greiddur skuli fjármagnstekjuskattur (10%) af ofangreindum mismun ef sérstökum skilyrðum er fullnægt.

Bent skal á að í tillögum skattahóps Verslunarráðs var lögð til sambærileg sértillaga, en þar var þó gengið út frá skattfrelsi mismunarins að skilyrðunum uppfylltum. Hér er rétt að víkja að einstökum tölulíðum í þessari sértillögu frumvarpsins og bera þá saman við tillögu skattahóps Verslunarráðs:

1. tl. – Kaupréttur hafi náð til allra starfsmanna. Var í tillögu skattahóps VÍ.
2. tl. – Starfsmaður hafi verið í föstu starfi hjá félagi eða félagasamstæðu. Var ekki í tillögu skattahóps VÍ þar sem hópurinn taldi rétt að eftirláta ráðherra að útfæra þær hliðar málsins sem snúa að skattaframkvæmdinni. Sýnist eðlilegt skilyrði.
3. tl. – Að lágmarki 12 mán líði frá gerð samnings til nýtingar hans. Í tillögum skattahóps VÍ var gert ráð fyrir að innlausnartíminn yrði frá 18-36 mánuðum. Sjá rökstuðning við 7. tölulíð hér að neðan. Tillaga skattahóps tók mið af bandarísku reglunum, en almennt telja stjórnir fyrirtækja nauðsynlegt að í stað þess umstangs og viðbótarkostnaðar sem gerð slíkra samninga felur í sér séu starfsmenn bundnir fyrirtækinu til nokkurs tíma.
4. tl. – Kaupverð eigi lægra en viðmiðunarverð. Gengur skemur en tillaga skattahóps þar sem gert var ráð fyrir að kaupverð yrði að vera a.m.k. 65% af viðmiðunarverði. Rétt að hafa í huga að þegar um er að ræða rótgróið fyrirtæki sem ekki er að vænta mikilla hækkana á markaðsgengi í næstu misseri eftir samning getur verið nauðsynlegt að selja starfsmanni á undirverði ef kaupréttarsamningur á að ná þeim megintilgangi sínum að virka hvetjandi fyrir starfsmanninn. Í Bandaríkjunum er skilyrði að kaupverð nemi a.m.k. 80% af



viðmiðunarverði. Í ljósi þessa leggur Verslunarráð til að í stað orðsins "gangverð" í 4. tölul. komi: 65% af gangverði.

5. tl. – Eignarhald á bréfum í 2 ár eftir innlausn. Tillögur skattahóps Ví miðuðust við 3 ára eignarhald.
6. tl. – Kaupréttarsamningur óframseljanlegur. Var í tillögu skattahóps Ví.
7. tl. – Hámarksfjárhæð 600.000 kr. á ári. Í tillögum skattahóps Ví var gert ráð fyrir 3.000.000 kr. að hámarki á samningstíma. Samkvæmt þeim tillögum var því t.d. hægt að gera 3 milljón króna samning með ákvæði um að starfsmaður mætti nýta þann rétt að fullu að liðnu 18 mánaða markinu og gera síðan strax eftir það tímamark annan sambærilegan samning. Tillaga ráðherra hér er því mun takmarkaðri. Rétt er að hafa í huga að eins og fyrr greinir er einn megintilgangur kaupréttarsamninga sá að halda í lykilstarfmenn innan fyrirtækja. Til að sá tilgangur náist er nauðsynlegt að reglur um skattalega meðferð slíkra samninga sníði þeim fjárhæðum sem samningarnir geta lotið ekki of þröngan stakk. **Verslunarráð leggur því til að í stað "600.000 kr. á ári" komi: 2.000.000 kr. á ári.** Þá er jafnframt mikilvægt að enginn vafi leiki á að ef keypt er fyrir hærri fjárhæð en sem nemur þeim viðmiðunarmörkum sem löggin kveða á um sé viðkomandi starfsmanni samt heimilt að nýta sér sérreglu 8. gr. B fyrir þann hluta kaupanna sem mörkin kveða á um. Ekki er beinlínis tekið af skarið um það í ákvæðinu sjálfu eða skýringum með því.
8. tl. – Gert er ráð fyrir að ríkisskattstjóra sé send áætlun um fyrirhugaða kaupréttarsamninga til staðfestingar. Ekki var sérstaklega fjallað um þetta í tillögum skattahóps Ví enda um skattaframkvæmdarlegt atriði að ræða. **Verslunarráð leggur hins vegar áherslu á í þessu sambandi að reynt verði að tryggja skjóta afgreiðslu á innsendum áætlunum, enda vont ef fyrirtækin þurfa að bíða í óvissu í lengri tíma eftir staðfestingu.** Í því sambandi er vert að benda á til hliðsjónar að ekki er óalgengt í dag að skattyfirvöld standi ekki við lögbundna tímafresti, t.d. í sambandi við bindandi álit í skattamálum.

Þá er í ákvæðinu gert ráð fyrir að í lok hvers árs skuli fyrirtæki sem gera slíka samninga við starfsmenn sína senda ríkisskattstjóra upplýsingar um þá starfsmenn sem nýtt hafa sér réttinn skv. staðfestri áætlun ásamt upplýsingum um kaupverð. Þetta er einnig framkvæmdaratriði sem skattahópur eftirlét ráðherra að útfæra og sér Verslunarráð ekki ástæðu til sérstakra athugasemda við þessa tillögu greinarinnar.

Loks gerir ákvæðið ráð fyrir að skattskyldan stofnist ekki fyrr en við sölu bréfanna og miðist þá við mismun á upphaflegu kaupverði og söluverði. Þá er tekið fram að þessi mismunur sé ekki frádráttarbær sem rekstrarkostnaður hjá fyrirtækinu. Verslunarráð telur mjög mikilvægt að ef á annað borð er lagt til að um skattskyldu sé að ræða þá stofnist hún ekki fyrr en við sölu bréfanna enda engir peningar í hendi starfsmannsins fyrr. Hvað varðar rekstrarkostnaðinn þá er tillaga frumvarpsins sambærileg bandarísku reglunum að þessu leyti.

## 11. gr. Túlkun tvísköttunarsamninga

Sú breyting sem lögð er til í ákvæðinu, þ.e. að fjármálaráðherra fari með túlkun tvísköttunarsamninga, er bæði eðlileg og skynsamleg í ljósi þess að í samningunum sjálfum er almennt kveðið á um að fjármálaráðherra sé bært stjórnvald til að fara með túlkun og framkvæmd þeirra. Sú framkvæmd sem



viðgengist hefur hingað til, þ.e. að túlkunin sé í höndum ríkisskattstjóra og einstakra skattstjóra, hefur boðið heim hættu á að misræmis geti gætt í samningstúlkun. Slíkt fyrirkomulag er mjög slæmt, þar sem eitt grundvallaratriðið fyrir því að milliríkjasamningar nýtist eins og til þeirra er stofnað er gagnsæi í allri túlkun þeirra og framkvæmd.

## 12. gr. Gildistökuákvæði.

Verslunarráð telur eðlilegt að tekinn verði af allur vafi um að ákvæði 11. gr. komi til framkvæmda strax við gildistöku laganna og leggur því til að við greinina bætist nýr málslíður, svohljóðandi: **Ákvæði 11. gr. kemur strax til framkvæmda.**

Eins og kemur fram hér að framan snýst ein af tillögum skattahóps VÍ í meðfylgjandi skýrslu um að skapa skattaleg skilyrði fyrir því að mögulegt sé að færa einstaklingsrekstur yfir í hlutafélagsform án þess að sú yfirfærsla eigna og skulda sem á sér stað skapi skattalegar skyldur fyrir eigendur. Verslunarráð hefur heyrt mörg dæmi um að gildandi reglur hafi komið í veg fyrir að rekstraraðilar treysti sér í slíka formbreytingu, þrátt fyrir að hlutafélagsformið sé eitt hentugasta rekstrarformið sem finnst til fyrirtækjareksturs. Það er því mjög miður að enga tillögu um slíka breytingu sé að finna í frumvarpinu. Að mati Verslunarráðs er hér um brýnt mál að ræða sem ekki á að hafa nein útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð. Því er hér lagt til að á eftir 57. gr. B laganna komi ný grein, 57. gr. C, svohljóðandi:


### *Einstaklingsrekstur yfirtekinn af hlutafélagi*

#### **57. gr. C**

Séu rekstrareignir og skuldir manns, sem stundar atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, færðar í heild sinni yfir í hlutafélag sem hann stofnar og yfirtekur rekstur hans gegn afhendingu á hlutabréfum í hinu nýstofnaða félagi, sem gagnjald fyrir nefndar eignir að frátöldum skuldum, skal afhending þeirra sem slík ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur fyrir þann sem lét slíkar eignir af hendi. Við slíka yfirtöku hlutafélags á atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi manns skal félagið taka við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum sem tengjast eignum og skuldum þess manns sem lét þær af hendi.

Um frekari rök fyrir þessari tillögu vísast til bls. 17-19 í meðfylgjandi skýrslu.


Virðingarfyllt,  
fyrir hönd Verslunarráðs Íslands,



Guðjón Rúnarsson







# Skattamál atvinnulífsins

október 1999

Tillögur skattahóps Verslunarráðs Íslands  
um breytingar

Skattahópur Verslunarráðs Íslands



INNGANGUR.....	4
I. SKATTLAGNING KAUPRÉTTAR.....	6
1. ALMENNT.....	6
1.1. Hvað er átt við með kaupréttarsamningi um hlutabréf?.....	6
1.2. Rök fyrir sérstökum skattareglum um kauprétt.....	6
1.3. Skattlagning kaupréttar í öðrum löndum.....	7
2. TILLÖGUR SKATTAHÓPS.....	8
II. EIGNARSKATTAR.....	12
1. GILDANDI REGLUR.....	12
2. TILLÖGUR SKATTAHÓPS.....	13
III. SKATTAREGLUR UM EIGNARHALDSFÉLÖG.....	14
1. GILDANDI REGLUR.....	14
2. TILLÖGUR SKATTAHÓPS.....	15
IV. EINSTAKLINGSREKSTUR Í HLUTAFÉLAG.....	17
1. ALMENNT.....	17
2. RÖK FYRIR BREYTTUM REGLUM.....	17
3. TILLAGA SKATTAHÓPS.....	19
V. REGLUR UM STARFSMENN ERLENDIS.....	20
1. GILDANDI REGLUR.....	20
2. TILLAGA SKATTAHÓPS.....	21
VI. SKATTSKYLDUR ARÐUR REKSTRARAÐILA.....	22
1. GILDANDI REGLUR.....	22
2. TILLAGA SKATTAHÓPS.....	22
VII. TÖPUÐ HLUTABRÉF - REKSTRARKOSTNAÐUR.....	23
1. GILDANDI REGLUR.....	23
2. TILLAGA SKATTAHÓPS.....	23
VIII. STAÐGREIÐSLA ARÐS TIL REKSTRARAÐILA.....	24
1. GILDANDI REGLUR.....	24
2. TILLÖGUR SKATTAHÓPS.....	24
IX. STIMPILGJÖLD.....	25
1. GILDANDI REGLUR.....	25
2. LÖGGJÖF ANNARRA RÍKJA.....	25
3. RÖK FYRIR AFNÁMI STIMPILGJALDS.....	26
4. TILLÖGUR SKATTAHÓPS.....	27
X. ÖNNUR ATRÆLI.....	29
1. STUÐNINGUR VIÐ NÝSKÖPUN.....	29
2. ERLENDIR STARFSMENN Á ÍSLANDI.....	29
3. UMHVERFISSKATTAR.....	29
4. TVÍSKÖTTUNARSAMNINGAR.....	29

## INNGANGUR

Í maí 1999 setti Verslunarráð Íslands á laggimar skattahóp til að vinna tillögur að úrbótum á íslensku skattaumhverfi er lýtur að fyrirtækjarekstri hér á landi. Verslunarráð hefur nokkrum sinnum áður sent frá sér sérstakar skýrslur með ábendingum um nauðsynlegar úrbætur í skattamálum. Má í því sambandi t.d. benda á skýrslu til Viðskiptaþings 1997 er bar heitið „Jafnræði í skattamálum“ og tillögur um breytingar á skattalögum sem Verslunarráð vann á árinu 1998 í samvinnu við Coopers & Lybrand undir yfirskriftinni „Bætt samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja í alþjóðlegu umhverfi.“ Stjórnvöld hafa tekið vel í þá vinnu sem Verslunarráðið hefur lagt í þessi mál og hafa margar af þeim tillögum sem fram komu í framangreindum skýrslum náð fram að ganga. Í skýrslu Verslunarráðs til Viðskiptaþings 1999, um alþjóðavæðingu atvinnulífsins, var m.a. fjallað um starfsskilyrði atvinnulífsins og settar fram ábendingar um hvar breytinga væri þörf í skattalöggjöfni til að styrkja samkeppnisstöðu íslensks viðskiptalífs. Í þessari skýrslu sem nú er kynnt er kafað dýpra ofan í mörg þeirra vandamála sem þar koma fram og lagðar fram beinar tillögur um hvemig best sé að standa að breytingum.

Skattahópurinn sem vann að gerð þessarar skýrslu var skipaður eftirtöldum aðilum:

Guðjón Rúnarsson	Verslunarráði Íslands, sem jafnframt hafði umsjón með starfi hópsins
Ámi Harðarson	Deloitte & Touche hf.
Friðgeir Sigurðsson	PricewaterhouseCoopers hf.
Garðar Valdimarsson	TAXIS ehf.
Guðmundur Pálmason	Bumham international á Íslandi hf.
Hannes G. Sigurðsson	Vinnuveitendasambandi Íslands
Helga Hlín Hákonardóttir	Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.
Ingvar Garðarsson	Netverki hf.

Helga Tatjana Zharov hjá Íslenskri erfðagreiningu hf., starfaði einnig með hópnunum í upphafi en sagði sig úr honum þegar fjármálaráðherra tilnefndi hana í sérstakan ráðgjafahóp sinn um skattamál í júní 1999.

Hópurinn hittist á 11 fundum og fór yfir þá skattalegu þætti sem standa fyrirtækjarekstri á Íslandi fyrir þrifum. Með hliðsjón af þeirri skoðun eru í þessari skýrslu lagðar fram beinar tillögur að lagabreytingum. Eru þær settar fram í þinglegu formi þannig að aðgengilegt sé fyrir ríkisstjórn að leggja þær fram samhliða öðrum breytingum sem hún hyggst gera á skattalöggjöfni.

Tekið skal fram að þær tillögur sem hér eru lagðar fram miðast fyrst og fremst við veigamestu atriðin sem vert er að taka tillit til í þessu sambandi, en vissulega væri hægt að tína til fjölmörg smærri atriði, ekki síst í sambandi við framkvæmd skattayfirvalda á gildandi reglum. Það hljóta að sjálfsögðu að vera sameiginlegir hagsmunir viðskiptalífsins og hins opinbera að allar slíkar reglur séu sem skýrastar og framkvæmdin í góðu horfi.

Aukin alþjóðavæðing hefur þrýst á að skattaumhverfi íslenskra fyrirtækja sé samkeppnishæft við þau skattaskilyrði sem keppninautamik erlendis búa við. Að öðrum kosti verður sú þróun enn meira áberandi á komandi árum að íslensk

fyrirtæki flytji starfsemi sína eða hluta hennar til annarra landa. Á sama hátt dregur óbreytt ástand verulega úr möguleikum á að ná erlendu fjármagni til landsins í formi fjárfestingar í íslensku atvinnulífi, sem er ein af forsendunum fyrir að viðhalda megi góðum hagvexti í landinu.

Í skýrslu Verslunarráðs til Viðskiptabings 1999 um alþjóðavæðingu atvinnulífsins var bent á að útflutningur frá Íslandi á síðastliðnum tíu árum, 1989-1998, jókst um 27%, meðan útflutningur þróaðra ríkja í heiminum jókst á sama tíma um meira en 85%. Íslenskt atvinnulíf hefur því á vissan hátt dregist aftur úr í alþjóðavæðingu.

Forsendur þess að þjóðir nái efnahagslegum árangri á þessum tímum alþjóðavæðingar hafa verið að breytast. Nú skipta náttúruauðlindir þjóða mun minna máli en áður, meðan lagalegir innviðir samfélagsins eru orðnir stórum mikilvægari. Þeir mynda grunninn að þeim starfsskilyrðum sem atvinnulífinu eru búin. Góð starfsskilyrði hljóta að miðast við að mannauðurinn sem býr í þeim einstaklingum sem standa að baki fyrirtækjunum fái notið sín sem best og virk samkeppni sé til staðar jafnt innlands sem milli landa. Í framangreindri skýrslu um alþjóðavæðingu atvinnulífsins var meðal annars bent á að helsti kostur lítila hagkerfa er að þar er meiri aðlögunarhæfni og meiri viðbragðshraði hjá stjórnvöldum og að litlar þjóðir eiga hægara með að móta sér sérstöðu, t.d. í skattamálum eða svipuðum aðgerðum, til þess að laða að fjármagn.

Tekið skal fram að nú stendur yfir af hálfu fjármálaráðuneytis heildarendurskoðun á virðisaukaskattslögum og framkvæmd þeirra. Verslunarráðið hefur þegar komið á framfæri umfangsmiklum athugasemdum í því sambandi og því eru ekki gerðar sérstakar tillögur um breytingar á þeim lögum hér.

Eins og fram kemur hér í inngangi átti fulltrúi nýstofnaðra Samtaka atvinnulífsins sæti í skattahópnum og stendur að baki þeim tillögum sem hér eru lagðar til.

# I. SKATTLAGNING KAUPRÉTTAR

## 1. Almenn

### 1.1. Hvað er átt við með kaupréttarsamningi um hlutabréf ?

Kaupréttur starfsmanna á hlutabréfum í því fyrirtæki sem þeir vinna hjá hefur þekkst um langa hröð víða erlendis. Þetta eru einnig stundum nefndir valréttarsamningar um hlutabréf (stock option). Hér verður hins vegar talað um kaupréttarsamninga, enda ávallt um rétt starfsmanna til kaupa, en ekki sölu, að ræða. Slíkir samningar felast í því að starfsmanni er, til viðbótar við eiginlegar launagreiðslur, boðinn réttur til kaupa á tilteknum fjölda hlutabréfa í fyrirtækinu á fyrirfram ákveðnu gengi. Slíkur kaupréttur er þó oftast háður því að starfsmaðurinn starfi hjá fyrirtækinu í tiltekinn lágmarkstíma og algengt er að full ávinnsla kaupréttarins miðist við 4-5 ár. Á undanföllum árum hefur í auknum mæli farið að bera á því að hérlend fyrirtæki geri slíka samninga við starfsmenn sína, sérstaklega nýsköpunarfyrirtæki.

### 1.2 Rök fyrir sérstökum skattareglum um kauprétt

Eyða óvissu og stuðla að nýsköpun

Til að eyða þeirri óvissu sem ríkt hefur varðandi skattlagningu vegna slíkra kaupréttarsamninga er nauðsynlegt að setja almennar reglur um skattlagningu þessarar tegundar endurgjalds fyrir vinnu. Um er að ræða launakerfi sem án efa hefur mjög hvetjandi áhrif á starfsmenn og er til þess fallið að skapa dreifða eignaraðild að hlutaféiðgum. Slíkir samningar eru einnig til þess fallnir að auðvelda fyrirtækjunum að halda í starfsmenn með sérþekkingu. Þannig gefa þeir ungum fyrirtækjum möguleika á að brúa það bilið á milli góðra hugmynda en lítils upphafs fjármagns til þess tíma er vinna að slíkum hugmyndum fer að skila fjármagni til baka í reksturinn. Það að hvetja til slíkra samninga með hagstæðum skattareglum stuðlar því að aukinni nýsköpun og vexti íslensks atvinnulífs. Í því sambandi er líka vert að hafa í huga að íslensk fyrirtæki eru mörg hver í harðri samkeppni á alþjóðlegum markaði. Lykill að árangri í þeirri baráttu er að fyrirtækin hafi á að skipa hæfu starfsfólki. Íslensk fyrirtæki sem ekki geta boðið starfsmönnum sínum upp á sambærileg skattaleg kjör munu því til lengri tíma litið missa hæfa starfsmenn til erlendra samkeppnisaðila sinna. Skattaleg meðfærð kaupréttarsamninga er eitt af þeim atriðum sem skipta máli í þessu sambandi. Hagstæðar skattaregiur varðandi slíka samninga þekkjast t.d. bæði í Bretlandi og Bandaríkjunum, þar sem er að finna samkeppnisaðila margra íslenskra hugbúnaðar- og annars konar nýsköpunarfyrirtækja. Þróunarvinna slíkra fyrirtækja byggist yfirleitt að mestu leiti á þeirri þekkingu sem býr í starfsmönnum og er sú þekking þá í raun verðmætasta eign fyrirtækisins. Brotthvarf einstakra starfsmanna getur þannig kippt fótunum undan verkefnum sem skipta miklu um

Halda í hæft starfsfólk

framíð og afkomu fyrirtækjanna. Því er þeim mun brýnna fyrir hérlend fyrirtæki að geta boðið upp á sambærileg kjör þekkjast í helstu samkeppnislöndum.

Með hliðsjón af framangreindu er í þeim tillögum sem hér eru lagðar fram gert ráð fyrir að ekki þurfi að vera um skattskyld hlunnindi starfsmanns að ræða þó hann greiði á Innlausnartíma lægra verð fyrir bréfin en hann þyrfti að greiða fyrir sama magn bréfa í almennum viðskiptum milli ótengdra aðila.

### 1.3 Skattlagning kaupréttar í öðrum löndum

Tillögur skattahópsins miðast fyrst og fremst við þær reglur sem í gildi eru í Bandaríkjunum þar sem mesta hefðin er fyrir notkun slíkra samninga milli vinnuveitenda og starfsmanna, en einnig hefur verið höfð hliðsjón af reglum í Bretlandi og á Norðurlöndum. Í Bandaríkjunum er meginreglan sú að uppfylli kaupréttarsamningur skilyrði um að sambærilegum hópum starfsmanna standi samningur almennt til boða, auk skilyrða um tímalengd, hámarksfjárhæð og eignarhald bréfanna, greiðir starfsmaður einungis fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum við sölu á bréfunum. Þessi fjármagnstekjuskattur er 28% ef eignarhaldi bréfa nær 12 mánuðum, en 20% ef starfsmaður á bréfin í 18 mánuði eða lengur. Á móti kemur að í slíkum tilvikum er ekki um að ræða frádráttarheimild fyrirtækis, sem helst í hendur við skattlagningu hjá starfsmanni. Í Bretlandi er félögum einnig boðið upp á svokallaða samþykta kaupréttarsamninga þar sem tiltekin samningsform, sem viðurkennd eru af skattyfirvöldum, skattleggjast með hagstæðari hætti hjá starfsmönnum en ef um hreinar launatekjur væri að ræða. Að ákveðnum skilyrðum uppfylltum er þannig eingöngu greiddur fjármagnstekjuskattur af þeim söluhagnaði sem myndast. Tvö meginform slíkra samþyktra samninga eru við lýði í Bretlandi. Annars vegar svokölluð Discretionary Share Option Schemes þar sem skilyrði eru um verð, tíma og hámarksfjárhæð í samningunum auk skilyrða um hvaða starfsmenn geta nýtt sér réttinn. Hins vegar svokölluð Share Save Option Schemes sem ganga út frá að starfsmaður geri samning í samstarfi við viðurkennda fjármálastofnun um mánaðarleg framlög eða spamað í tiltekinn tíma, 3, 5 eða 7 ár. Nánari skilyrði eru síðan fyrir því hvaða starfsmönnum þetta þarf að standa til boða, hvaða fjárhæðir má kaupa fyrir og um lágmarks sölugengi (80% af markaðsverði) til starfsmanna. Að þessum skilyrðum fullnægðum skattleggst þetta á sama hátt og DSOS, þ.e. einungis er greiddur fjármagnstekjuskattur af söluhagnaði. Þetta breska kerfi er ólíkt þyngra í vöfum heldur en bandarísku reglur og yrði vart talið heppilegt að smíða slíkt bákn um framkvæmd kaupréttarreglna hérlendis. Í Danmörku hefur verið horfið frá því að skattleggja starfsmenn þegar á þeim tíma sem starfsmaður gat fyrst nýtt sér kaupréttinn og nú er gert ráð fyrir að ekki komi til skattlagningar fyrir en starfsmaður raunverulega nýtir sér réttinn og leysir til sín bréfin. Dönsku reglur gera ráð fyrir að mismunur markaðsverðs á kaupdegi og umsamins kaupgengis teljist til tekjuskattsstofns, en fjármagnstekjuskattur sé greiddur af þeim

Bandaríkin

Bretland

Danmörk

Finnland  
Svíþjóð  
Noregur

söluhagnaði sem myndast frá þeim tíma fram til sölundags. Eignaraðild í þrjú ár lækkar skattprósentuna úr 44-58% í 25-40%, eftir því hvaða fjárhæðir er um að ræða Svipaðar reglur eru í Finnlandi, utan þess að eignaraðild í tiltekinn tíma hefur ekki áhrif á skattlagningarprósentu. Í Svíþjóð er starfsmaður skattlagður þegar honum er fyrst heimilt að nýta kaupréttinn og greiðist tekjuskattur af mismun á markaðsverði á þeim tíma og umsömdu kaupgengi, en fjármagnstekjuskattur af hækkun frá þeim degi til sölundags. Í Noregi fellur skattskylda til bæði þegar kaupréttarsamningur er gerður og einnig þegar af innlausn verður. Skattareglur í Noregi og Svíþjóð eru því ekki til þess fallnar að hvetja til kaupréttarsamninga á milli atvinnurekenda og starfsmanna, enda afar íþyngjandi að skattskylda fylgi kaupréttarsamningi óháð því hvort starfsmaðurinn sem í hlut á nýtir rétt sinn eður ei. Slíkar reglur eru fremur til þess fallnar að fyrirtækin leiti annarra leiða til að komast framhjá þeim reglum sem í gildi eru, t.d. með lánveitingum til hlutafjárkaupa á sérstökum kjörum.

Fordæmi í  
Bandaríkjunum

Af framangreindu má sjá að þær reglur sem í gildi eru í Bandaríkjunum eru þær reglur sem helst eru til þess fallnar að ná því markmiði sem stefnt er að með því að hvetja atvinnurekendur til að gera kaupréttarsamninga um hlutabréf við starfsmenn sína og hlúa þannig að þeim möguleikum sem slíkir samningar geta haft í för með sér fyrir íslenskt atvinnulíf.

## 2. Tillögur skattahóps

Með hliðsjón af því sem að framan greinir gerir skattahópur Verslunarráðs tillögur um eftirfarandi breytingar á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt:

### 1. gr.

Á eftir 60. gr. laganna kemur ný grein, 60. gr. A, svohljóðandi:

Endurgjald fyrir vinnu starfsmanns sem greitt er með kaupréttarsamningi milli vinnuveitanda og starfsmanns skal teljast til skattskyldra hlunninda eftir því sem hér segir:

1) Mismunur á eðlilegu viðmiðunarverði, sbr. 2. mgr., og því verði sem starfsmaður kaupir hluti á, samkvæmt kaupréttarsamningi þar um, telst að fullu til skattskyldra hlunninda starfsmanns á því ári sem starfsmaður nýtir sér rétt sinn samkvæmt samningnum.

2) Standi kaupréttarsamningur öllum starfsmönnum vinnuveitanda til boða og innlausnartími ákvarðast á tímabilinu 18-36 mánuðir frá samningsdegi skal mismunur á eðlilegu viðmiðunarverði og kaupverði ekki teljast til skattskyldra hlunninda starfsmanns enda eigi starfsmaður hlutabréfin í a.m.k. 3 ár frá því hann leysir bréfin til sín, réttindi hans samkvæmt samningnum eru ekki framseljanleg og kaupverð bréfanna nemur að hámarki 3.000.000 kr.

Við ákvörðun á eðlilegu viðmiðunarverði skv. 1. mgr. skal greina á milli hlutafélaga sem eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði og annarra hlutafélaga sem ekki hafa slíka skráningu. Sé félag skráð á skipulegum verðbréfamarkaði skal eðlilegt viðmiðunarverð vera skráð gengi á þeim tíma þegar kaup eiga sér stað. Ef félag er ekki skráð skal miða við bókfært verð



samkvæmt síðasta endurskoðaða uppgjöri félagsins, enda liggja ekki fyrir óyggjandi upplýsingar um að miða skuli við annað og hærra verð.

Ákvæði 2. tl. 1. mgr. eiga þó ekki við ef ákvarðað kaupverð hlutabréfanna á samningsdegi nemur lægri fjárhæð en 65% af eðlilegu viðmiðunarverði, sbr. 2. mgr., á þeim degi.

2. gr.

Á eftir 6. mgr. 1. tl. B-liðar 30. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Frádráttur samkvæmt þessum tölulíð nær ekki til hlutabréfakaupa starfsmanns í því fyrirtæki sem hann vinnur hjá á grundvelli kaupréttarsamnings sem um fer skv. 2. tl. 1. mgr. 60. gr. A þannig að ávinningur samkvæmt samningnum skattleggst ekki sem hlunnindi heldur sem fjármagnstekjur eingöngu.

3. gr.

Á eftir 3. mgr. 1. tl. 31. gr. laganna bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:

Til rekstrarkostnaðar teljast einnig hlunnindi sem myndast við sölu starfsmanns á hlutabréfum í félaginu sem hann hefur eignast á grundvelli kaupréttarsamnings að því marki sem hlunnindin hafa verið skattlögð sem tekjuskattskyld hlunnindi starfsmannsins. Ekki skiptir máli í því sambandi hvort sala til starfsmanns á sér stað með útgáfu nýrra hlutabréfa eða kaupum vinnuveitanda á þegar útgefnum bréfum.

Almennar athugasemdir:

Skýring hugtaka:

*Kaupréttarsamningur:* Samningur sem vinnuveitandi gerir við starfsmann sinn um að honum sé strax eða að tilteknum tíma llönum heimilt að kaupa fyrirfram ákveðið magn hlutabréfa í vinnuveitanda sínum á fyrirfram ákveðnu verði.

*Innlausnartími:* Það tímabil sem starfsmaður má nýta sér kauprétt sinn í skiptum fyrir hlutabréf. Til dæmis gæti verið samið um að réttindin aukist um fast ákveðið hlutfall mánaðarlega frá því að starfsmaður má fyrst nýta sér réttinn og þar til heildartíma eða fjárhæðarmörkum er náð.

Athugasemdir við einstakar greinar:

Um 1. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um hvaða hluti af þeim söluhagnaði sem myndast hjá starfsmanni frá þeim tíma er kaupréttarsamningur er gerður og til þess tíma er starfsmaðurinn selur bréfin telst til tekjuskattsstofns.

1. tl. Gerð er tillaga um að mismunur á kaupverði og eðlilegu viðmiðunarverði hlutabréfanna sé sá stofn sem tekjuskattur greiðist af. Með því að ákveða að ekki skuli verða af skattlagningu fyrr en starfsmaður innleysir rétt sinn er komist hjá því að kaupréttarsamningurinn sem síkur hafi í för með sér sérstaka greiðslubyrði fyrir starfsmanninn.

2. tl. Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að ef kaupréttarsamningur stendur öllum starfsmönnum til boða, hann mæli fyrir um 18 mánaða

Kaupverð -  
eðlilegt  
viðmiðunarverð =  
tekjuskattsstofn

Enginn  
tekjuskattur ef  
ákveðin skilyrði  
uppfyllt

lágmarkstíma þar til starfsmaður má fyrst nýta sér kaupréttinn, réttur starfsmanns til innlausnar sé ekki lengri en 18 mánuðir og að eignarhald starfsmanna eftir kaup sé a.m.k. 3 ár komi ekki til þess að litið verði á söluhagnað bréfanna sem tekjuskattsskyld hlunnindi. Með þessu er leitast við að gera kaupréttarsamninga að fýsilegum kosti við ákvörðun kjara starfsmanna, á sama tíma og stuðlað er að því að um varanlega fjárfestingu sé að ræða. Ákvæðið ýtir einnig undir dreifða eignaraðild í hlutafélögum almennt. Ljóst er að aðgerðir starfsmannsins á eignarhaldstíma, þ.e. hvort hann ákveður að selja áður en 3 ára eignarhaldi er náð eða ekki, ráða úrslitum um það hvort einhver tekjuskattsstofn myndast eða ekki.

Skilyrði ákvæðisins um að öllum starfsmönnum verði að standa kaupréttarsamningur til boða miðar að því að slíkir samningar séu frekar notaðir þegar félög stefna að því að dreifa eignaraðild meðal starfsmanna, en ekki sem úrræði í stað venjulegra bónuskerfa sem koma aðeins einstökum starfsmönnum til góða. Þá miðast ákvæðið við að þessi réttindi starfsmannsins séu ekki framseljanleg. Ekki er gert að skilyrði að kaupréttarsamningur nemi sömu fjárhæð til allra starfsmanna. Rétt þykir að setja ákvæðið þak á þær fjárhæðir sem starfsmenn hafa möguleika á að kaupa fyrir samkvæmt slíkum samningum. Er það í samræmi við þær reglur sem gilda bæði í Bandaríkjunum og á Bretlandi. Ákvæðið miðast við að á hverjum samningstíma sé um að ræða rétt starfsmanns til kaupa fyrir að hámarki kr. 3.000.000. Ef kaupverð nemur hærrí fjárhæð en 3.000.000, óháð því hvort um einn eða fleiri samninga er að ræða, skattleggst það sem umfram er skv. 1. tl. 1. mgr.

Ákvæði 2. mgr. er sett til þess að taka af allan vafa um það hvaða reglur gildi um mat á því sem skuli teljast eðlilegt viðmiðunarverð. Er þar greint á milli hlutafélaga sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði og annarra hlutafélaga. Þegar um er að ræða félag sem skráð er á skipulegum verðbréfamarkaði er ekki vandkvæðum bundið að finna eðlilegt viðmiðunarverð. Hins vegar getur slíkt verið vandmeðfamara í félögum sem ekki hafa verið skráð slíkri skráningu, ekki hvað síst í félögum þar sem engin viðskipti með hlutabréf hafa átt sér stað fyrir. Nokkrar leiðir eru færar til að meta verðmæti þessara félaga en hér hefur verið valin einfaldasta leiðin, þ.e. að miða skuli við innra virði félagsins, þ.e. það verð sem svarar til elgin fjár félagsins miðað við síðasta endurskoðaða uppgjör. Ef hins vegar fyrir hendi eru óyggjandi upplýsingar um að óeðlilegt væri að miða við eigið fé félagsins á samningsdegi getur verið ástæða til að víkja því til hliðar og miða við annað og hærra verð enda er ekki gert ráð fyrir að heimiit sé að miða við lægra verð en það sem svarar til eigin fjár félags. Miklar kröfur yrði þó að gera til slíkra upplýsinga til þess að meginreglunni yrði vikið til hliðar. Má sem dæmi nefna að haldið hafi verið almennt útboð á hlutum í félagi án þess að um skráningu félagsins á skipulegum verðbréfamarkaði sé að ræða og verð í því almenna útboði hafi verið allt annað og hærra en eigið fé félagsins segði til um. Í siiku tilfelli væri unnt að sýna fram á að almennt markaðsverð hafi myndast og því sé eðlilegra að miða við það heldur en eigið fé félagsins.

Ákvæði 3. mgr. er sett til að koma í veg fyrir misnotkun þessara reglna með þeim hætti að kaupverð samkvæmt samningi væri t.d. ákvarðað sem algert botnverð sem þýðir að hægt væri að kaupa gríðarlega stóran hlut í félagi án þess að fara fram úr þriggja milljón króna markinu í 2. tl. 1. mgr. og falla þannig engu að síður undir þær ívilnandi reglur sem hér er verið að gera tillögur um.

Um 2. gr.

Hér er gert ráð fyrir að kaup á hlutabréfum á grundvelli kaupréttarsamnings veiti ekki þann rétt til skattaívilnunar sem gildir um hlutabréfakaup einstaklinga sem falla almennt undir 1. tölul. B-liðar 30. gr. laganna. Rökkin fyrir því eru að ekki sé eðlilegt að starfsmenn geti nýtt sér bæði þá ívilnun sem nýjar skattareglur um kaupréttarsamninga veita og hina almennu frádráttarheimild vegna hlutabréfakaupa.

Samspil við  
skattafrádrátt  
vegna  
hlutabréfakaupa

Um 3. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að frádráttarheimild vinnuveitanda haldist í hendur við skattskyldu hjá starfsmanninum sem nýtur kaupréttarins. Þannig er komið í veg fyrir að um frádrátt hjá vinnuveitanda sé að ræða á sama tíma og starfsmaður greiðir eingöngu fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af kaupréttarsamningnum. Veita má því fyrir sér hvort þetta gæti valdið erfiðleikum í framkvæmd þar sem langur tími getur liðið frá því að starfsmaður kaupir bréf á grundvelli kaupréttarsamnings þar til hann ákveður að selja, jafnvel eftir að hann er hættur störfum hjá viðkomandi fyrirtæki. Ekki verður þó séð að um raunverulegt vandamál skattfyrivalda sé að ræða, þar sem þau ættu að geta stuðst við þær venjulegu sönnunarreglur sem gilda um frádráttarbæmi kostnaðar. Vinnuveitandinn gæti hins vegar tryggt upplýsingaöflun sína t.d. með því að setja sérstakt ákvæði í kaupréttarsamning um tilkynningarskyldu við sölu innan þriggja ára.

Frádráttarheimild  
ef tekjuskattur

## II. EIGNARSKATTAR

### 1. Gildandi reglur

Samkvæmt 1. mgr. 84. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt skulu lögaðilar greiða 1,2% eignarskatt af eignarskattsstofni, þ.e. af eignum að frádrögnum skuldum. Því til viðbótar greiða lögaðilar jafnt sem einstaklingar sérstakan eignarskatt, 0,25% af eignarskattsstofni, samkvæmt lögum nr. 83/1989, um endurbætur Þjóðarbókhlöðu og annarra menningarbygginga. Eiginleg eignarskattsprósenta lögaðila er því 1,45% af eignarskattsstofni.

Ísland sér á parti

Sú sértæka skattheimta af eignum manna og fyrirtækja sem eignarskatturinn er þekktur orðið lítt hjá öðrum ríkjum. Sambærilega skattheimtu má reyndar finna í löndum eins og Lúxemborg, Sviss, Kanada og Mexíkó, en þá í formi eins konar lágmarksskatts, þ.e. innágreiðsla á tekjuskatt (sjá töflu I). Sú byrði sem þessi skattur er á íslensku viðskiptalífi hefur komið skýrar í ljós á síðastliðnum árum með batnandi eiginfjárstöðu fyrirtækjanna. Eignarskatturinn er einnig bein hindrun fyrir erlend fyrirtæki og fjárfesta sem áhuga hafa á þátttöku í rekstri hérlendis. Ef síður erlendur fjárfestir kemur frá ríki sem Ísland hefur ekki gert tvísköttunarsamning við verður skattlagningin tvöföld, þar sem bæði fjárfestinum og hinu íslenska fyrirtæki sem fjárfest er í ber að greiða skattinn.

Pung byrði á atvinnulífið

Hindrar erlenda fjárfestingu

Tafla I.

Eignarskattar á fyrirtæki í OECD ríkjum þar sem hann er/var lagður á

Ríki	Skatthlutfall í %	Heiti skattsins	Athugasemdir
Ísland	1,45	Eignarskattur: 1,2% Sérstakur eignarskattur: 0,25%	
Kanada	0,225	„Large corporation tax“	Lagt á eigið fé félaga yfir 10 milljónir \$
Lúxemborg	0,5	„Net worth tax“	Lagt á nettóeign félaga
Finnland	1	„Capital tax“	Eingöngu á sf. og útibú erlendra fyrirtækja
Mexíkó	1,8	„Tax on business assets“	
Noregur	0,3	„Taxes on capital“	Eingöngu á ákveðnar tegundir skattskyldra félaga og stofnana
Rússland	Allt að 2%	„Tax on property“	Svæðisstjórnir leggja á félög
Ítalía	0		Aflagt 1.1.1998
Sviss	0		Aflagt 1.1.1998
Þýskaland	0		Aflagt 1.1.1997
Austurríki	0		Aflagt 1.1.1994

Heimildir: European Tax Handbook, 1999 (IBFD) og International Tax Summaries 1998, Coopers & Lybrand. Upplýsingarnar miðast við 1. janúar 1999

Ljóst er að eignarskattar hafa átt sinn þátt í að íslensk fyrirtæki hafa kosið að flytja hluta starfsemi sinnar til annarra landa. Hugbúnaðarfyrirtæki eins og OZ og Netverk eru ágæt dæmi um það. Benda má á í þessu sambandi að nýsköpunarfyrirtæki gera alloft samninga við fjársterka aðila, innlenda eða erlenda, um að selja þeim bréf í félaginu á yfiringi til að nota við frekari uppbyggingu, þ.e. rannsóknir, þróun og markaðssetningu. Oft er hér um verulegar fjárhæðir að ræða sem nýtast eiga til starfsemi næstu ára. Samkvæmt gildandi lögum myndar mismunur nafnverðs og slíks yfiringis eignarskattsstofn. Þessi félög geta því lent í að greiða skattinn nokkur ár í röð eftir að salan átti sér stað.

Fyrirtækin flytja til annarra landa

Þá má hér benda á að eignarskatturinn leggst ofan á önnur gjöld sem lögð eru á sama eignarskattsstofn, sbr. bifreiðagjöld, fasteignagjöld og stimpilgjöld. Sama eignin er þannig margsköttuð hjá skattaðilanum.

Sama eign margsköttuð

Loks hefur oft áður verið bent á ójafnræðið sem gildandi reglur fela í sér þar sem ríkisbréf ýmis konar mynda ekki stofn til eignarskatts þótt þau séu í samkeppni við önnur viðskiptabréf á markaði sem greiða ber fullan eignarskatt af.

Ójafnræði aðila

## 2. *Tillögur skattahóps*

Skattahópur Verslunarráðsins gerir það að tillögu sinni að eignarskattar verði afnumdir. Með tilliti til þess tekjustofns sem eignarskatturinn er fyrir íslenska ríkið þykir þó ljóst að ekki muni nást sátt um að afnema eignarskattinn í einu lagi. Því er hér lagt til að skatturinn verði þrepaður niður í áföngum. Þannig mætti byrja á því að fella brott hinn sérstaka eignarskatt sem mælt er fyrir um í lögum nr. 83/1989. Hinn almenna eignarskatt mætti síðan þrepa niður í þremur áföngum, þ.e. um 0,4 prósentustig á ári, þannig að eignarskattur verði að fullu afnuminn árið 2003.

Afnema í þrepum

Með þessu móti yrði íslensk skattalöggjöf í mun meira samræmi við skattalöggjöf annarra ríkja, sem við miðum okkur gjaman við. Alþjóðavæðing viðskipta þrýstir á að slík aðlögun fari fram sem fyrst.

Þar sem ofangreind tillaga gerir ráð fyrir að skatturinn falli ekki endanlega niður fyrr en árið 2003 leggur skattahópur Verslunarráðsins samhlíða til að þegar verði aflagt það ójafnræði sem ríkir á milli ríkisbréfa og annarra viðskiptabréfa á markaði.

Lagfæra ójafnræði

### III. SKATTAREGLUR UM EIGNARHALDSFÉLÖG

#### 1. Gildandi reglur

Eignarhaldsfélög  
vinsæl

Stofnun sérstakra félaga sem hafa það að markmiði að ávaxta fjármuni þeirra sem að félaginu standa með því að kaupa hluti í öðrum félögum hefur færst mjög í vöxt á síðustu árum. Slík félög eru í daglegu tali oft nefnd eignarhaldsfélög og er einna algengast að stofna þau í formi hlutafélags. Stór hluti félaga sem skráð eru hjá ýmsum fjármálamiðstöðvum erlendis falla í þennan flokk og íslenskir fjárfestar, fyrirtæki sem einstaklingar, hafa í sívaxandi mæll valið þessa leið í stað

Óhagstætt  
skattaumhverfi

beinnar fjárfestingar í öðrum félögum. Samkvæmt núgildandi lögum fer um skattgreiðslur eignarhaldsfélaga með heimilisfesti á Íslandi með sama hætti og annarra hlutafélaga. Þeim ber þannig að greiða fullan tekjuskatt af þeim hagnaði sem skapast við sölu á eignarhluta þeirra í öðrum félögum. Þetta hefur leitt til þess að hérlendir fjárfestar hafa margir kosið að skrá slík eignarhaldsfélög erlendis í skattaumhverfi sem gerir ekki ráð fyrir greiðslu tekjuskatts af söluhagnaði. Nýleg dæmi í tengslum við kaup íslenskra aðila á stórum eignarhlut í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins eru til vitnis um þetta. Þá leiða gildandi ákvæði einnig til þess að arður greiddur út til innlends rekstraraðila af hlutafélögum sem skráð eru erlendis er einungis frádráttarbær frá rekstri ef hann hefur verið skattlagður með sambærilegum hætti í hinu erlenda ríki. Þetta leiðir aftur til þess að íslenskir fjárfestar sem fá greiddan út arð frá félögum í ríkjum sem bjóða upp á hagstæðari skattaleg skilyrði en hér gilda flytja ekki þann arð hingað heim.

Fjárfestar flytja til  
landa sem bjóða  
hagstæðari  
skilyrði

Arðurinn fastur úti

Jafnfærir  
keppinautur

Í skýrslu Verslunarráðsins um alþjóðavæðingu atvinnulífsins, sem minnst er á í inngangi, var bent á að sumum þjóðum hefur með lágrí skattprósentu á ákveðnar atvinnugreinar tekist að laða til sín erlenda aðila í miklum mæli. Styrka stöðu efnahagslífsins á Írlandi má þannig m.a. þakka hagstæðu skattaumhverfi fyrir innlenda jafnt sem erlenda aðila. Hér verður ekki lagt til að settar verði slíkar reglur er mismuna milli atvinnugreina, heldur að Ísland fylgi fordæmi frændþjóðarinnar Dana og fleiri ríkja með því að bjóða upp á hagstætt skattaumhverfi fyrir eignarhaldsfélög sem skrásett eru hér á landi. Vegna smæðar íslensks efnahagslífs er enn mikilvægara en ella að standa feti framur öðrum hvað öll starfsskiyrði atvinnulífsins varðar ef takast á að laða erlenda aðila til landsins og stemma stigu við flóttu innlendra fyrirtækja utan.

Hagstæðar reglur til skráningar einkaleyfa og hvers konar hugverka eru einnig mjög mikilvægur þáttur í allri nýsköpun. Slíkar reglur geta spilað stóran þátt í að laða erlenda fjárfestingu til þeirra landa sem þær bjóða. Í gildandi tekjuskattslögum er gert ráð fyrir að tekjur sem erlendir aðilar hafa af hagnýtingu á slíkum réttindum hér á landi séu skattskyldar. Í tengslum við það að sköpuð verði hagstæð starfsskiyrði fyrir eignarhaldsfélög á Íslandi er eðlilegt að huga að breytingu á þessari reglu samhliða.

## 2. Tillögur skattahóps

Með hliðsjón af framansögðu leggur skattahópur Verslunarráðsins til eftirfarandi breytingar á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt:

### 1. gr.

6. tölul. 3. gr. laganna fellur brott.

### 2. gr.

4. mgr. 17. gr. laganna orðast svo:

Hagnaður hlutafélaga, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., af sölu eignarhluta í öðrum félögum er þó undanþeginn skattskyldum tekjum, enda nemi hinn seldi eignarhluti a.m.k. 10% af eignarhluta í þeim félögum sem hann er seldur úr og hann hafi verið í eigu seljanda í að lágmarki eitt ár.

### 3. gr.

2. másl. 8. tölul. 31. gr. laganna orðast svo: Ákvæði þetta skal einnig taka til arðs frá hlutafélögum sem skráð eru erlendis.

### 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 71. gr. laganna:

- a. Á eftir 1. másl. 2. tölul. kemur nýr málsliður sem orðast svo: Arður af hlutafé greiddur af hlutafélagi og einkahlutafélagi, sbr. 1. tölul. 2. gr., til hlutafélaga heimilisfastra erlendis er þó undanþeginn skatti ef félagið á a.m.k. 10% eignarhlutdeild í félaginu sem greiddi arðinn og hafi verið í eigu seljanda í a.m.k. eitt ár.
- b. Talan "6" í 3. tölul. fellur brott.

### Athugasemdir við einstakar greinar

#### Um 1. gr.

Lagt er til að fellt verði brott ákvæði um að tekjur sem erlendir aðilar hafa af ýmsum þóknunum hér á landi, svo sem af hagnýtingu á hvers konar réttindum eða sérþekkingu séu skattskyldar. Það hefur verið stefna Íslenskra stjórnvalda í tvísköttunarsamningum að slík þóknun væri einungis skattlögð í heimilisfestisríki. Í raun hafa því slíkar þóknanir aldrei verið skattlagðar hérlendis og því er ekki um eiginlegt tekjutap fyrir ríkissjóð að ræða. Þessi breyting er til þess fallin að gera Ísland að áhugaverðum kosti til skráningar á ýmsum hugverkum.

Liðka fyrir hugverka-skráningu hérlendis

#### Um 2. gr.

Lögð er til sú breyting að söluhagnaður af eignarhluta í félögum verði skattfrjálss. Sambærilegar reglur munu þá gilda um jafnt söluhagnað sem arð. Þessi breyting ætti að stuðla að því að íslenskir aðilar sjái sér ekki lengur sérstakan hag í því að skrá eignarhaldsfélög sín í öðrum ríkjum eins og borið hefur á í auknum mæli. Breytingin ætti ekki að hafa áhrif á tekjur ríkissjóðs af félögum sem skráð eru innanlands í dag því að þau geta samkvæmt gjaldandi lögum tekið allan hagnað sem myndast í félaginu út í fomi arðs, sem er skattfrjálss.

Skattfrælsi söluhagnaðar af eignarhlutum

Um 3. gr.

Arðinn heim

Hér er lagt til að ekki verði lengur skilyrði fyrir frádrætti að útgreiddur arður frá félagi sem skráð er erlendis hafi verið skattlagður með sambærilegum hætti og samkvæmt þeim reglum er gilda hérlendis. Gildandi ákvæði hefur leitt til þess að innlendir aðilar sem fengið hafa greiddan út arð í ríkjum sem bjóða upp á hagstæð skattaleg skilyrði hafa ekki séð sér fært að færa þá fjármuni aftur til Íslands. Sambærilegt ákvæði og lagt er til að falli brott hefur reynst erfitt í framkvæmd í Danmörku og því verið fellt brott úr þarlandum lögum.

Um 4. gr.

Erlend fjárfesting

Lagt er til að arður greiddur af félagi skráðu á Íslandi til félags með heimilisfesti erlendis verði skattfrjáls. Þessi breyting er einnig til samræmis við skattalögin dönsku og er til þess fallin að ýta undir erlenda fjárfestingu hér á landi. Síðari breytingartillagan í þessari grein er einungis tæknileg, til samræmis við breytingartillögu í 1. gr. hér að framan.



## IV. EINSTAKLINGSREKSTUR Í HLUTAFÉLAG

### 1. *Almennt*

Skattahópnum bárust ábendingar um að gildandi skattaiðggjöf girti stórlega fyrir möguleikum aðila í einstaklingsrekstri á að færa reksturinn yfir í hlutafélagsform, sérstaklega ef þegar hefðu myndast miklar eignir í rekstrinum. Í slíkum tilvikum gengju skattalögin út frá því að um sölu eigna frá einstaklingsrekstri yfir til hlutafélagsins væri að ræða og rekstraraðila væri skylt að greiða fullan tekjuskatt af þeim söluhagnaði sem þannig myndaðist. Við frekari skoðun á málinu kom í ljós að skattyfirvöld virðast hafa verið treg við að ljá máls á breytingum á þessum reglum af ótta við að slíkt leiddi til aukinnar hættu á skattasniðgöngu, t.d. með því að einstaklingar sem ættu kvóta gætu selt hlutafélaginu kvótann gegn afhendingu hlutabréfa í félaginu. Þannig kæmst viðkomandi aðilar hjá greiðslu tekjuskatts af söluhagnaðinum, þar sem sala bréfanna lyti einungis fjármagnstekjuskatti.

Fullur tekjuskattur af söluhagnaði

### 2. *Rök fyrir breyttum reglum*

Það er grundvallarforsenda í allri skattlagningu að jafnræði sé virt. Þetta þarf þó ekki að þýða að skattlagning skuli vera sú sama á alla skattaðila enda geta verið ákveðin rök fyrir mismunandi skattlagningu, sbr. mismunandi skatthlutfall einstaklinga, sameignarfélaga og annarra lögaðila. Hins vegar er mikilvægt að heildarskattlagningin sé sem sambærilegust, þ.e. samanlögð skattlagning á einstaklinga í rekstri óháð því hvaða rekstrarform þeir kjósa sér. Gildandi lög um tekjuskatt og eignarskatt ná ekki þessu marki. Þannig er heildarskattlagning á einstakling sem stundar rekstur í einstaklingsfirma mun hærri en á einstakling sem kys sameignarfélagsform, og skatthlutfall einkahlutafélags er síðan lægst. Dæmi um mismun á endanlegum skatti er að finna í töflu 2. Í því dæmi munar t.d. um 330.000 kr. á endanlegum skatti hjá einstaklingi í rekstri og einkahlutafélagi, því síðamefnda í hag. Þessi mismunun verður enn meira sláandi þegar reglurnar koma í veg fyrir að hægt sé að færa rekstur einstaklingsfirma yfir í hlutafélagsformið án þess að slíkt leiði af sér skattlagningu eins og að ofan greinir.

Ójafnræði milli rekstrarforma

Tafla 2; 330.000,-

s a t r i s u

Tafla II

Dæmi 1: Einstaklingur með rekstur

		Skattur 38,34%	Hátekjusk. 7%	Persl.afsl 180%	Áætlaður skattur
Heildartekjur	10.000.000		6.396.000	hjá hjónum	
Reiknað endurgjald	(4.500.000)	1.725.300	234.861	(559.896)	1.400.265
Tryggingagjald 5,53%	(248.850)				248.850
Hagnaður	5.251.150	2.013.291			2.013.291
					3.662.405


Dæmi 2: Sameignarfélag

		Skattur 38,34%	Hátekjusk. 7%	Persl.afsl 180%	Áætlaður skattur
Heildartekjur	10.000.000				
Laun til eigenda	(4.500.000)	1.725.300	0	(559.896)	1.165.404
Tryggingagjald 5,53%	(248.850)				
Hagnaður	5.251.150				
<b>Skattar félagsins</b>					
Af hagnaði 38%	1.995.437				
Tryggingagjald	248.850				
	2.244.287				
		Skattar félags og einstaklings			3.409.691

Dæmi 3: Einkahlutafélag

		Skattur 38,34%	Hátekjusk. 7%	Persl.afsl 180%	Áætlaður skattur
Heildartekjur	10.000.000				
Launagreiðslur	(4.500.000)	1.725.300	0	(559.896)	1.165.404
Tryggingagjald 5,53%	(248.850)				
	5.251.150				
<b>Skattar félagsins</b>					
Af hagnaði 30%	1.575.345				
Tryggingagjald	248.850				
	1.824.195				
		Skattar félags og einstaklings			2.989.599
		Fjármagnstekjuskattur af arði			342.696
Arður=hagnaður-skattur	3.426.955				3.332.295

Skattaálögur eftir rekstrarformi



Eðlilegt að færa  
rekstur í  
skilvirkara  
rekstrarform

Fjölmiörg rök benda til þess að hlutafélagafornið sé einna skilvirkast þeirra rekstrarforma sem í boði eru. Koma þar bæði til skýrar reglur um stofnun, umsjón og rekstur auk hinnar takmörkuðu ábyrgðar sem á rekstraraðilum hvíla. Á móti eru gerðar ríkari kröfur til stjórnunar slíkra félaga, strangar hæfisreglur gilda um stjórnarmenn og framkvæmdastjóra, og erfiðara er fyrir eigendur og rekstraraðila að draga fé út úr slíkum rekstri heldur en þegar um einstaklingsrekstur eða sameignarfélög er að ræða. Með hliðsjón af þessu er slæmt ef skattalegt umhverfi letur menn til að færa reksturinn yfir í hlutafélagsformið, jafnvel þótt í einhverjum tilvikum geti slíkir möguleikar leitt til þess að einstakir aðilar sjái sér þannig leik á borði til að minnka skattbyrði sína vegna fyrirhugaðrar sölu eigna. Í flestum tilvikum má hins vegar gera ráð fyrir að yfirfærsla á rekstri sé fyrst og fremst gerð í rekstrarlegum tilgangi, til að auka hagkvæmni rekstrarþáttanna og stuðla þannig að bættum hagvexti þjóðfélagsins í heild. Benda má á að sambærileg regla og hér er gerð tillaga um er að finna í bæði norskrí og sænskri skattalöggjöf.

### 3. Tillaga skattahóps

Með hliðsjón af framansögðu leggur skattahópur Verslunarráðsins til að eftirfarandi breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Á eftir 57. gr. B laganna komi ný grein, 57. gr. C, sem orðast svo:

*Einstaklingsrekstur yfirtekinn af hlutafélagi*  
57. gr. C

Séu rekstrareignir og skuldir manns, sem stundar atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, færðar í heild sinni yfir í hlutafélag sem hann stofnar og yfirtekur rekstur hans gegn afhendingu á hlutabréfum í hinu nýstofnaða félagi, sem gagngjald fyrir nefndar eignir að frátöldum skuldum, skal afhending þeirra sem slík ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur fyrir þann sem lét slíkar eignir af hendi. Við slíka yfirtöku hlutafélags á atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi manns skal félagið taka við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum sem tengjast eignum og skuldum þess manns sem lét þær af hendi.

Hlutabréf í stað  
eigna - ekki  
skattskylda

## V. REGLUR UM STARFSMENN ERLENDIS

### 1. Gildandi reglur

Skortur á reglum	<p>Í alþjóðavæðingu íslenskra fyrirtækja með starfsemi erlendis hefur skortur á reglum um skattalega meðferð á tekjum þeirra einstaklinga sem fara til starfa á vegum fyrirtækja utan Íslands verið ákveðinn Þrándur í Götu. Fyrirtæki hafa í þeim tilvikum stuðst við einu reglumar sem fyrir hendi eru, þ.e. reglur um greiðslur dagpeninga í skattmáti ríkisskattstjóra. Afstaða skattfyrivalda hefur hins vegar verið sú að dagpeningareglur eigi ekki við í mörgum tilvikum þar sem þeim hefur verið beitt. Sérstaklega hefur reynt á þetta þegar starfsmenn eru sendir til lengri tíma til starfa erlendis á vegum vinnuveitanda síns, þannig að aðalstarfsstöð viðkomandi flyst út, eða þegar viðkomandi starfsmaður er ráðinn til starfa við ákveðið tímabundið verkefni á erlendri grundu.</p>
Afstaða skattfyrivalda	
Reglur á Norðurlöndum	<p>Flest nágrannaríki okkar eru með sérstakar ívilnandi reglur um skattalega meðferð tekna slíkra einstaklinga, t.d. eru Danmörk, Svíþjóð og Finnland með slíkar sérreglur fyrir einstaklinga sem starfa lengur en 6 mánuði á hverjum stað utan heimalandsins. Áður hefur verið bent á í skýrslum Verslunarráðs að skortur á frádráttarreglum í tilviki starfsmanna sem sendir eru til lengri tíma til starfa erlendis á vegum íslenskra fyrirtækja skaði samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja eða fæli þau a.m.k. frá því að ráða Íslendinga til þessara starfa, nema þeir fytji lögheimili sitt til hins erlenda ríkis.</p>
6 mánaða regla	<p>Í skýrslu sem unnin var sameiginlega af Verslunarráði og Coopers &amp; Lybrand á árinu 1998 var lögð fram tillaga að nýju ákvæði við A-lið 1. mgr. 30. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Ákvæðið átti sér fyrirmynd í 33. gr. dönsku tekjuskattslaganna (ligningslov) og gengur út á ívilnun til starfsmanna sem haldið er að störfum erlendis í lengur en 6 mánuði. Skattahópur Verslunarráðs hefur skoðað þetta mál frekar og teiur að sú regla sem þar kemur fram sé best til þess fallin að bæta úr gildandi réttarástandi. Hins vegar telur hópurinn vafa á að slíkt ákvæði eigi heima í 30. gr., sem fjallar um frádrátt frá tekjum, enda er í raun ekki um frádráttarreglu að ræða heldur reglu sem felur í sér að felldur er niður skattur af erlendum tekjum. Ákvæðið á meiri samleið með ákvæði 117. gr., sem fjallar um heimild ríkisstjórnar Íslands til að gera samninga við önnur ríki um gagnkvæmar ívilnanir á tekju- og eignarskatti erlendra og íslenskra skattaðila, svokallaðir tvísköttunarsamningar og eins er í greininni kveðið að heimild ríkisskattstjóra, í þeim tilvikum þar sem ekki er við neina tvísköttunarsamninga að styðjast, að lækka tekjuskatt og eignarskatt gjaldanda hér á landi með hliðsjón af skattgreiðslum hans erlendis.</p>
Ekki tekjutap fyrir ríkissjóð	<p>Ljóst er að í þeim tilvikunum þegar starfsmaður heldur til starfa í ríki sem Ísland hefur ekki gert tvísköttunarsamning við kemur slíkt ákvæði sem hér hefur verið fjallað um að góðum notum. Í því sambandi er rétt að benda á að ríkissjóður er í raun ekki að verða af skatttekjum af</p>

öllum þeim launum sem um ræðir þar sem hvort er eð yrði tekið tillit til erlendra skattgreiðslna á grundvelli framangreindrar 3. mgr. 117. gr. Þessi nýja regla myndi hins vegar einfalda alla skattalega meðferð auk þess sem hún myndi í vissum tilfellum leiða til lægri skattgreiðslu. Sérstaklega ætli það við í tilviki starfsmanna sem sendir eru til landa þar sem skattgreiðslur eru umtalsvert lægri en hér á landi. Í stað þess að taka tillit til erlendra skattsins yrði íslenski skatturinn þannig aðeins lagður á íslensku tekjum.

Einfaldar  
framkvæmd

Vert er að hafa í huga að þau lönd þar sem skattgreiðslur eru lægri en á Íslandi eru gjarnan í fjarlægum heimshlutum og því fylgir umtalsverður aukakostnaður að taka sig upp til að starfa þar tímabundið. Þeim aukakostnaði er ekki mætt í gildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Lögfesting slíkrar 6 mánaða reglu sem vísað er í að framan mun breyta því ástandi og þannig auðvelda íslenskum fyrirtækjum framrás á erlenda markaði. Það hlýtur að vera öllum í hag að íslenskir starfsmenn öðlist starfsreynslu á erlendum vettvangi, reynslu sem þeir flytja svo með sér aftur inn í íslenskt atvinnulíf.

Umtalsverður  
aukakostnaður

Loks skai tekið fram að í flestum tvísköttunarsamningum sem Ísland hefur gert fylgir skattlagningarréttur heimilisfestiríkinu, nema starfið sé leyst af hendi í samningsríkinu. Fari íslenskir starfsmenn þannig utan til starfa og flytji lögheimili sitt flýst skattlagningarrétturinn til þess lands sem viðkomandi flytur til. Leiða má að því líkur að starfsmaður sem flutt hefur lögheimili sitt úr landi, skili sér síður aftur inn í íslenskt efnahagslíf en sá starfsmaður sem heldur lögheimili sínu hér á landi. Ef enginn tvísköttunarsamningur er í gildi flýst skattlagningarrétturinn til vinnuríkis eftir 6 mánaða dvöl þar, jafnvel þótt lögheimili haldist hérlendis. Breytingartiliagan sem hér er lögð fram er því í raun aðeins útfærsla á umræddum tvísköttunarsamningum, þ.e. að inn í skattalögin verði tekin sambærileg regla og þar er fylgt.

Tvísköttunar-  
samningar

## 2. Tillaga skattahóps

Með hliðsjón af framansögðu leggur skattahópur Verslunarráðsins til eftirfarandi breytingar á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt:

### 1. gr.

Við 117. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Hafi maður sem er tekjuskattsskyldur hér á landi samkvæmt 1. gr., dvalist erlendis við öflun launatekna vegna starfs síns, skal lækka tekjuskatt hans hlutfallslega um þá fjárhæð sem lögð er á erlendu tekjum. Lækkunin nær ekki yfir þann hluta af launatekjum sem stofnast vegna vinnu hér á landi. Skilyrði lækkunar samkvæmt þessari grein er að dvöl erlendis sé eigi skemmt en 6 mánuðir, en þó er heimilt að dveljast hér á landi í allt að 42 daga af þeim tíma vegna nauðsynlegra starfa í beinum tengslum við hið erlenda starf eða vegna lögbundins orlofs.

Skattalækkunar-  
regla

## VI. SKATTSKYLDUR ARÐUR REKSTRARAÐILA

### 1. *Gildandi reglur*

Mismunandi  
reikningsaðferðir

Við útreikning á söluhagnaði hlutabréfa, sbr. 17. gr. tekjuskattslaga, er rekstraraðilum heimilt að framreikna skv. 26. gr. sömu laga allt til söluárs bréfanna, en við ákvörðun á arði í tilefni lækkunar hlutafjár eða slíta á félagi, sbr. 9. gr., er einungis heimilt að framreikna skv. 26. gr. til ársloka 1996. Engin rök eru færð fyrir þessum mismunandi reikningsaðferðum.

### 2. *Tillaga skattahóps*

Til að lagfæra ofangreinda mismunun leggur skattahópur Verslunarráðsins til eftirfarandi breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt:

#### 1. gr.

Samræmd regla

Við 3. mgr. 9. gr. laganna bætist svohljóðandi málslíður: Þó skal rekstraraðila, þar með talið einstaklingi, heimilt að miða við upphaflegt kaupverð hlutabréfanna eða jöfnunarverðmætt í árslok 1996, sbr. 3. mgr. 17. gr., þegar það hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli, sbr. 26. gr. til þess tíma er hlutafjárلækkun eða slit áttu sér stað, enda séu hlutabréfin elgnfærð í atvinnurekstrinum.

## VII. TÖPUÐ HLUTABRÉF - REKSTRARKOSTNAÐUR

1. *Gildandi reglur*

Í 4. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, er að finna heimild rekstraraðila til að gjaldfæra sannanlega tapað hlutafé. Heimildin er bundin því að hið tapaða hlutafé hafi vegna greiðsluferfiðleika hlutafélags verið tekið sem gagngjald fyrir viðskiptakröfu. Önnur gjaldfærsluheimild á töpuðu hlutafé er bundin við að félag sé gjaldþrota eða hafi lent í nauðasamningum þar sem hlutafé hefur verið lækkað. Í 3. mgr. 4. tl. 31. gr. er gert ráð fyrir að verðbréfasjóðir hafi slíka gjaldfærsluheimild vegna sannanlega tapaðs hlutafjár. Engin rök eru fyrir því að takmarka þessa heimild fyrir aðra aðila en verðbréfasjóði með þessum hætti. Eðlilegra væri að slíkur frádráttur væri öllum opinn þegar um sannanlegt tap hlutafjár er að ræða, enda ekki séð að sönnunarferfiðleikar eigi að standa framkvæmd á slíku ákvæði fyrir þrifum. Óeðlilegt er að skylda aðila til þess að bíða eftir gjaldþrotaskiptum eða nauðasamningum í öllum tilvikum. Stundum er sú aðstaða uppi að enginn kröfuhafa fer fram á gjaldþrot þó allt hlutafé sé löngu tapað. Sú staða getur verið á borðinu að ekki sé neinn aðili sem biður um gjaldþrot félags þó allt hlutafé sé löngu tapað. Í ljósi þessa telur skattahópurinn rökrétt að breyting verði gerð á tölullönum þannig að hann verði einfaldaður.

Óeðlileg  
mismunur2. *Tillaga skattahóps*

Með hliðsjón af framansögðu leggur skattahópur Verslunarráðsins til eftirfarandi breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt:

1. gr.

Í stað 2. og 3. mgr. 4. tölul. 31. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Almenn heimild

Sannanlega tapað hlutafé í innlendum eða erlendum félögum á því ári er hlutafé tapast.

## VIII. STAÐGREIÐSLA ARÐS TIL REKSTRARADILA

### 1. *Gildandi reglur*

Ólögsmæt  
eignaupptaka?

Með 4. gr. laga nr. 95/1998 var 8. mgr. 31. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, breytt þannig að til frádráttar tekjum er heimilt að færa þá fjárhæð sem félög hafa fengið greidda í arð af hlutum og hlutabréfum í öðrum félögum. Arður er því í raun ekki lengur skattskyldur hjá móttakanda í þessum tilvikum, þ.e. frádrátturinn kemur á móti tekjufærslu arðsins. Hins vegar gera lög um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur ráð fyrir því að skila beri staðgreiðslu af slíkum arði. Þetta er afar óeðlilegt og í raun er vert að spyrja hvort það geti ekki talist til ólögsmætrar eignaupptöku að hið opinbera skammti sér þannig tímabundin umráð yfir fjármunum lögaðila sem enginn vafi leikur á að eru undanþegin skattskyldu?

### 2. *Tillögur skattahóps*

Með hliðsjón af framansögðu leggur skattahópur Verslunarráðsins til eftirfarandi breytingar á lögum nr. 133/1996, um staðgreiðslu skatts af fjármagnstekjum:

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist: og 4. mgr.

b. Við bætist ný mgr., 4. mgr., sem orðast svo:

Undanþegnir skyldu til að sæta innheimtu í staðgreiðslu af arðstekjum, sbr. 4. tölul. C-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eru hlutafélag, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 75/1981 og félög og samlög sem falla undir 2. og 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. sömu laga.

#### 2. gr.

Við 2. mgr. 3. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi:

Þetta tekur þó ekki til arðgreiðslna til þeirra aðila sem tilgreindir eru í 4. mgr. 2. gr. þessara laga.



## IX. STIMPILGJÖLD

### 1. Gildandi reglur

Lög um stimpilgjald, nr. 36/1978, sem leystu af hólmi lög nr. 75/1921, gera ráð fyrir að greitt sé stimpilgjald af íslenskum viðskiptaskjölum, s.s. kaupsamningum, afsölum, verðbréfum, leigusamningum o.fl. Fjárhæð stimpilgjalds nemur almennt frá 0,5-2% af heildarfjárhæð bréfsins eða sammingsins, eftir því hvers konar skjal er um að ræða.

Alþjóðlegt  
fjármálaumhverfi

Íslenskt fjármálaumhverfi hefur breyst gríðarlega á síðustu tveimur áratugum, frá því að vera nánast vemmað séríslenskt umhverfi yfir í að vera samofinn hluti þeirrar heildar sem fjármálaumhverfi heimsins er orðið. Forsendur fyrir innheimtu sérstaks stimpilgjalds sem hugsanlega voru til staðar á sínum tíma eiga því einfaldlega ekki við í dag á sama hátt. Gildandi lög fela þannig bæði í sér ójafnræði milli einstakra viðskiptafoma innanlands og skekkja samkeppnisstöðu innlendra fjármálafyrirtækja gagnvart erlendum keppinautum. Fjármálaráðherra skipaði á árinu 1994 nefnd til að endurskoða lögin. Var nefndinni m.a. ætlað að laga þau að þeim breytingum sem átt hafa sér stað á fjármálamarkaði, að laga gjaldið að lengd lánstíma, afnema mismun á gjaldinu eftir því hvort um vaxtalán er að ræða eða ekki og huga að breytingum í tengslum við endurútgáfu og skuldbreytingu lána. Þetta starf leiddi til þess að fjármálaráðherra lagði fram frumvarp til nýrra laga um stimpilgjald á 122. löggjafarþingi, vorið 1998. Það náði hins vegar ekki fram að ganga. Ein meginástæða þess var mikil andstaða margra umsagnaraðila um frumvarpið, sem töldu að það miðaði frekar að því að styrkja þessa gjaldtöku í sessi en að draga úr þeim hamlandi áhrifum á samkeppni sem gjaldið felur í sér. Benda má á að frumvarpið tók um margt mið af danskri löggjöf um stimpilgjöld. Það eitt út af fyrir sig orkaði tvímælis þar sem gjaldskyldan er hvað víðtækust í Danmörku auk þess sem gjaldið sjálft er óvíska hærra en þar.

### 2. Löggjöf annarra ríkja

Skert samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja er tíðrædd þegar umræðan berst að stimpilgjöldum. Á sama tíma og verið er að koma á fót hér á landi áhugaverðum, skipulegum verðbréfamarkaði og fjármagnsflæði milli Evrópulandanna verður sífellt greiðara og hagkvæmara eru íslensk fyrirtæki að dragast afturúr vegna aukinna krafna sem gerðar eru til þeirra hér á landi, þ.á.m. í formi stimpilgjalda. Íslenskum lánamarkaði eru þannig settar skorður umfram það sem erlendir keppinautar þurfa að búa við.

Umframskorður


Samkeppni milli evrópskra verðbréfamarkaða vex hröðum skrefum. Kostnaður við útgáfu verðbréfa hér á landi hlýtur hins vegar að endurspeglast í verði bréfanna og þar af leiðandi er lítil ástæða fyrir erlenda útgefendur, sem og fjárfesta, að sækja á íslenskan verðbréfamarkað. Hið sama hlýtur að gilda um íslenska útgefendur sem

Erlend fjárfesting

hafa hug á að skrá verðbréf sín á erlendum mörkuðum, en þar verða bréfin ekki samkeppnishæf við verðbréf sem útgefin eru af erlendum aðilum. Þessu til stuðnings má vísa til þess að með auknu frjálshæði á fjármagnsmörkuðum í OECD ríkjum hefur skattheimta í formi stimpilgjalda verið á verulegu undanhaldi og t.d. hafa bæði Sviss og Þýskaland nýverið afnumið slík gjöld hjá sér. Af neðangreindri töflu má sjá að hlutfall skatta á fjármálaviðskipti af heildarskatttekjum ríkja V-Evrópu og N-Ameríku er hæst á Íslandi.\*<sup>1</sup> Stimpilgjöldin vega mjög þungt í þeim útreikningum.

Tafla III.

### Hlutfall skatta á fjármálaviðskipti af heildarskatttekjum 1996



Heimild: Revenue Statistics of OECD Member Countries 1965-1996, OECD 1997.

### 3. Rök fyrir afnámi stimpilgjalds

#### Samkeppnishæfni

Eins og fram hefur komið draga stimpilgjöldin úr sveigjanleika í viðskiptum innlendra fyrirtækja og skerða samkeppnishæfni þeirra með þeirri sérstöku skattheimtu sem felst í innheimtu gjaldsins. Íslensk fyrirtæki mega jafnvel una því að greiða stimpilgjald oftar en einu sinni af sömu krónunni þegar lán eru endurfjármögnuð, t.d. vegna breyttra aðstæðna á fjármagnsmarkaði.

#### Lántökur flytjast utan

Nú á tímum frelsis í fjármagnsflæði milli landa er slík sértæk skattheimta til þess fallin að innlendir aðilar kjósa fremur að taka lán hjá erlendum aðilum en hér innanlands. Þessi möguleiki nær þó ekki jafnt til allra því stærri fyrirtækin eru í mun betri aðstöðu til að semja við erlenda lánadrottna en þau smærri. Gildandi reglur leiða þannig til mismununar á milli innlendra fyrirtækja. Það að stærstu einstöku lántakendumir leiti í

#### Ójöfn staða

<sup>1</sup> Ekki lágu fyrir nýlegri upplýsingar, en gera má ráð fyrir að útkoma Íslands í slíkum samanburði hafi fremur versnað í þessu efni á allra síðustu árum.

auknum mæli eftir lánsfjármagni á erlendum mörkuðum veikir síðan rekstrargrundvöll hérlendra lánastofnana. Þá kristallast það ójafnræði sem lögin fela í sér enn frekar í þeim sérundanþágum sem tíðkaðar hafa verið vegna stórra kaupa eða verkefna, s.s. stóriðjuframkvæmda, flugvéla og skipakaupa.

Rétt er að benda á að íslensk stjórnvöld hafa verið ötul við að lýsa yfir mikilvægi virkrar þátttöku íslensks almennings í atvinnulífinu með fjárfestingu í innlendum atvinnurekstri. Meðal annars hefur í því sambandi verið bent á að dreifð eignaraðild fyrirtækjanna í landinu sé öllum til góðs. Á sama tíma eru hins vegar útgefendur að hlutabréfum skattlagðir um hátt í 3 milljarða á ári hverju í formi stimpilgjalda.

Tvískinnungur

Í ljósi þess ójafnræðis sem gjöldin fela í sér og annars sem hér hefur komið fram ætti engum að dyljast hversu aðkallandi er að skattheimta í formi stimpilgjalda verði afnumin sem fyrst. Ganga má út frá því sem vísu að við afnám stimpilgjalda muni heildarvelta á íslenskum verðbréfamarkaði aukast og vaxta- og verðmyndun verða gleggri og færast í auknum mæli yfir á skipulegan og opinn verðbréfamarkað.

Styrkir íslenskan verðbréfamarkað

#### 4. Tillögur skattahóps

Skattahópur Verslunarráðsins leggur mikla áherslu á afnám stimpilgjalda, samanber þau rök sem þegar hafa komið fram. Samþykkt þess frumvarps sem lá fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi hefði því verið afturför að því leyti að festa gjaldandi kerfi enn frekar í sessi, jafnvel þótt í leiðinni hafi átt að sníða af einhverja vankanta og færa lögin í nútímalegra horf. Með hliðsjón af þeim tekjustofni sem stimpilgjöldin hafa verið ríkissjóði og með tilliti til þess að erfitt getur reynst að fá stjórnvöld til að fallast á að leggja þennan tekjustofn niður á einu bretti telur skattahópurinn skynsamlegra að leggja til að stimpilgjöld verði afnumin í áföngum.

Alþjóðleg samkeppni knýr á afnám

Því er hér lagt til að gjald af þeim stimpilskyldu skjölum sem ekki ber skylda til að þinglýsa verði þrepað niður um fimmtung árlega, þannig að gjalddöku verði að fullu hætt eigi síðar en árið 2004. Á sama tíma verði hugað að því að lækka einnig stimpilgjöld á þinglýst skjöl, enda ljóst að sú þjónusta sem felst í þinglýsingunni sjálfri felur í sér aðeins brot af þeim kostnaði sem fjárhæð stimpilgjaldsins segir til um. Er það í samræmi við þá stefnumörkun stjórnvalda að þjónustugjöld skuli eigi vera hærrí en sem nemur eiginlegum kostnaði við veitta þjónustu.

Prepun gjalds óþinglýstra skjala

Þinglýst skjöl

Þar sem framangreindar tillögur gera ekki ráð fyrir að lögin verði afnumin nú þegar leggur skattahópurinn til að farið verði í að lagfæra stærstu vankantana á þeim. Þar má t.d. fyrst benda á að lögin í dag koma í veg fyrir að gefnir séu út fáir en stórir flokkar verðbréfa á skipulegum verðbréfamarkaði, í stað margra lítilla flokka. Innlendar fjármálastofnanir hafa sem dæmi um þetta gefið út markaðsbréf með óákveðinni lokastærð, en bætt síðan við þá flokka þegar aðstæður á markaði hafa breyst eða þörf hefur verið á endurfjármögnun með þessum hætti. Hið sama hefur gilt um fyrirtæki sem sótt hafa fjármögnun sína sjálf inn á fjármagnsmarkaðinn. Þetta hefur leitt til þess

Lagfæra vankanta

Flokkar með óákveðinni lokastærð

að þegar einstök fyrirtæki hafa farið þessa leið hefur þeim borið að greiða tvöfalt stimpilgjald á þá fjárhæð eða þær fjárhæðir sem bætt er við flokkinn síðar. Ástæða þess er sú að viðbætur við flokkinn hafa sama útgáfudag og upphaflega útgáfan, enda er það nauðsynlegt svo að bréfin teljist til sama flokks bréfa. Hins vegar segir í 11. gr. laga um stimpilgjald að stimpilskyld skjöl skuli stimpla innan tveggja mánaða frá útgáfudegi. Sé það ekki gert ber skv. 36. gr. laganna að greiða tvöfalt stimpilálag ef um víxla er að ræða, en 10% álag fyrir hvert byrjað 7 daga tímabil umfram tilskilinn frest vegna annarra skjala. Útgefandi í ofangreindri aðstöðu lendir því óhjákvæmilega í að teljast brotlegur við lögin, enda þótt enginn ásetningur til brots sé til staðar og þörfin fyrir fjármögnum með þessum hætti augljós. Öll skynsemisrök skortir fyrir þessum reglum, auk þess sem þær ýta undir óhagkvæmni á íslenskum verðbréfamarkaði. Athafnir hins opinbera frá árinu 1996 í tengslum við fækkun flokka ríkisskuldabréfa sem undanþegin eru stimpilgjöldum sýna að stjórnvöldum er þetta fyllilega ljóst. Meðan stimpilgjöld eru enn við líði er algerlega nauðsynlegt að skapa íslenskum verðbréfamarkaði eðlileg starfsskilyrði hvað þetta varðar.

#### Rafræn skráning

Þá má benda á að nú er í þann mund að taka til starfa hér á landi rafræn eignarskráning verðbréfa hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. Útgáfa, framsal og uppgjör verðbréfa mun þá fara fram með rafrænum hætti án þess að hefðbundin pappírsskjöl komi þar nokkurs staðar nærri. Eðlilega vakna þegar spurningar um hvemig innheimtu stimpilgjalds og stimplun slíkra rafrænna skjala verður háttað. Taka þarf þau mál til sérstakrar skoðunar, þannig að ekki myndist ósamræmi á milli þess hvort um hefðbundna eða rafræna eignarskráningu er að ræða. Í því sambandi er mjög mikiivægt að setja ekki skorður við því að sú mikla framför sem felst í rafrænum skráningum geti gengið fram sem skyldi.

## X. ÖNNUR ATRIÐI

### 1. *Stuðningur við nýsköpun*

Skattahópurinn ræddi nokkuð um nauðsyn þess að mótaðar verði hagstæðar skattareglur í því sambandi þegar frumkvöðull fær hugmyndir metnar sem hlutafé. Í ljósi mikilvægis nýsköpunar fyrir atvinnulífið í heild sinni væri æskilegt að í slíkum tilvikum ætti viðkomandi einstaklingur möguleika á að fresta tekjuskatti þar til sala á hlutafénu á sér stað. Tekið skal fram að tillögur um sérstakar skattareglur kaupréttar koma að hluta til móts við það þegar frumkvöðull leggur fram vinnu sem hlutafé.

Hugmynd sem  
hlutafé

### 2. *Erlendir starfsmenn á Íslandi*

Ef Ísland ætlar fyrir alvöru að taka þátt í þeirri geysihörðu samkeppni sem ríki heimsins heyja um að laða að erlenda fjárfestingu er mikilvægt að skapa hagstæðar skattareglur fyrir starfsmenn erlendra fyrirtækja sem hingað koma tímabundið til vinnu. Slíkar reglur eru algengar víða í kringum okkur. Til dæmis er starfsmönnum erlendra fyrirtækja í Danmörku einungis gert að greiða flatan 25% tekjuskatt ef þeir starfa í landinu frá 6 til 32 mánuðum.

Hagstæðar  
skattareglur

### 3. *Umhverfisskattar*

Borið hefur á því að undanfömu að sköttum og gjöldum sem lögð eru á fyrirtæki með vísun til umhverfisvemdunar fari fjölgandi. Eðlilegt er að vel sé hugað að umhverfismálum í þjóðfélaginu. Skattahópur Verslunarráðsins leggur hins vegar áherslu á að sem fyrst verði mótuð almenn stefna um slíka skattheimtu, þ.e. hvað teljist umhverfisskattar, hvemig álagningu þeirra skuli háttáð o.s.frv. Að öðrum kosti er hættu á að þessi nýja tegund skattheimtu verði nýtt til að auka enn frekar byrðar á fyrirtækin og að þau sitji uppi með frumskóg slíkra gjalda af ólíkum toga til viðbótar við þá fyrirtækjaskatta sem fyrir eru.

Samræmd stefna

### 4. *Tvísköttunarsamningar*

Brýnt er að fjölga enn frekar tvísköttunarsamningum Íslands við önnur ríki. Flest nágrannalönd okkar hafa gert mun fleiri slíka samninga en Ísland. Í þessu sambandi má reyndar benda á að skattahóp Verslunarráðs er kunnugt um að nú þegar sé nánast búið að ganga frá samningum við nokkur ríki, s.s. Belgíu, Rússland og Tékkland, og einungis strandi á formlegri undirritun. Þessi lokahníkkur virðist því miður stundum dragast fram úr hófi og sama hefur mátt segja um formlega birtingu samninganna eftir undirritun. Skattahópurinn skorar á stjórnvöld að bæta úr þessu hlöð bráðasta.

Fjölgun samninga

